

Alþingi - Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/3099  
komudagur 13. 8. 2008



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. ágúst 2008  
UST20080200202/sá

### Efni: Umsögn um 374. mál, 135. löggjafarþing

Með bréfi, dags. 4. júlí 2008, var Umhverfisstofnun gefinn kostur á að kynna sér drög að nefndarálitum umhverfisstofndar um frumvarp til skipulagslaga o.fl. ásamt breytingartillögum og að senda inn nýjar ábendingar eftir því sem tilefni er til.


Umhverfisstofnun tekur undir þá skoðun nefndarinnar að bætt verði við markmiði sem stuðlað getur að ákveðinni vernd landslags. Einnig tekur stofnunin undir skoðun nefndarinnar um breytingu á hugtakinu „trjágróður“ í 6. mgr. 12. gr. frv.


Umhverfisstofnun vill áréttta þá skoðun sína að rétt sé að kveða á um heimild til endurskoðunar á framkvæmdaleyfi til efnistöku sbr. fyrri umsögn, dags. 16. apríl 2008, þrátt fyrir að nefndin óski eftir að ekki séu sendar inn að nýju ábendingar sem þegar hafa komið fram. Er þetta gert í ljósi þess að nauðsynlegt er, að umhverfisrétti, að takmarkanir á atvinnustarfsemi séu skýrar og hafi stoð í lögum. Lagt er til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við 13. gr. frumvarpsins:

„Útgefanda framkvæmdaleyfis er heimilt að endurskoða leyfi til efnistöku áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef áhrif efnistökkunnar á umhverfið eru meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, t.d. áhrif á landslag eða ef áhrif á loftgæði eru meiri en búist var við á framkvæmdatíma.“

Í drögum að nefndaráliti er vikið að skyldu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að gera svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Umhverfisstofnun telur að tilefni geti verið til að kveða á um slíka skyldu á fleiri svæðum svo sem á verndarsvæði Breiðafjarðar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1994, enda verndarsvæði laganna stórt og sveitarfélög mörg á svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug Einarsdóttir

  
Sigrún Agúsdóttir